



Reykjavík 7.2.2022

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins vegna jarðvegsmengunar (US210336)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 17.11.2021 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn US210336 vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

Efni: Er heimilt að byggja leik- og grunnskólahúsnæði og íbúðarhús á lóð þar sem þungmálmar eru yfir leyfilegum mörkum í jörðu? Óskað er eftir skriflegu svari á næsta reglubundna fundi ráðsins.

Svar: Sé jarðvegur sem fellur utan leyfilegra viðmiða vegna landnotkunar íbúðarbyggðar og þjónustuvæða svo sem leik- og grunnskóla skv. reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg, verður sá jarðvegur grafinn upp og fluttur á brott í samræmi við reglugerðina og í samráði við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

f.h. skipulagsfulltrúa
Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt